



BA ritgerð

Gráða

**„Að finna jafnvægi á milli tveggja ólíkra
menningarheima“**

Uppeldishættir og aðlögunarferli innflytjenda foreldra

Marymae Cagay Renegado

Guðbjörg Ottósdóttir
Maí 2018



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

„Að finna jafvægi á milli tveggja ólíkra menningarheima“
Uppeldishættir og aðlögunarferli innflytjenda foreldra

Marymae Cagay Renegado

190594-3519

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf

Leiðbeinandi: Guðbjörg Ottósdóttir

Stærð ritgerðar í ECTS einingum: 12 einingar

Félagsráðgjafardeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Maí 2018

„Að finna jafnvægi á milli tveggja ólíkra menningarheima“

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Marymae Cagay Renegado, 2018

Reykjavík, Ísland, 2018

Útdráttur

Ritgerð þessi er lokaverkefni til B.A prófs í félagsráðgjöf við félagsvísindadeild Háskóli Íslands. Markmið ritgerðarinnar er að skoða reynslu foreldra sem aðfluttir eru erlendis frá, hér nefndum innflytjendum af aðlögun að því að setjast að í nýju landi samhliða því að skoða hvernig foreldrar finna jafnvægi milli áhrifa frá gildum og hefðum nýju og gömlu menningarinnar við að finna viðeigandi uppeldisaðferðir. Einnig verður skoðað starfsgreinin félagsráðgjöf og hennar tilkomu við að hjálpa innflytjendafjölskyldum.

Helstu niðurstöður ritgerðarinnar eru að með tilkomu hnattvæðingar til fjölmargir fluts búferlum sem leiðir til þess að margt fólk sem er af erlendum uppruna koma og setjast hér að landi. Þetta hefur för í með sér að samfélagið sjálft er ekki lengur einsleit heldur er þjóðin fjölmennarlegt. Innflytjendur sem setjast að í öðru landi verða fyrir áskorunum og álagi allt frá því að ákvörðun um búferlaflutninga er tekin þar til aðlögun á sér stað í nýja landinu.

Félagsráðgjöf sem starfsgrein kemur til með að vinna með fjölbreyttum hópum og innflytjendur eru einn af þeim. Félagsgjafar notast gjarnan við margra kenninga um starfsaðferðir til þess að geta veitt þannig viðeigandi hjálp til þeirra einstaklinga eða hópa sem þurfa á því að halda.

Formáli

Ritgerð þessi er 12 eininga lokaverkefni í BA- gráðu í félagráðgjöf við félagráðgjafardeild Háskóla Íslands. Við gerð ritgerðarinnar var leiðbeinandi minn hún Guðbjörg Ottósdóttir, lektor við félagráðgjafardeildina. Henni færi ég miklar þakkir fyrir að leiðbeina og styðja við bakið á mér við skrif mína á ritgerðinni. Einnig fyrir hennar uppbyggilegu gagnrýni varðandi verkefnið, skilning og hlýju sem hún hefur sýnt mér í þessa ferli.

Jafnframt vil ég þakka fjölskyldu minni og vinum fyrir stuðning og hvatningu sem þau hafa veitt mér í kringum skrifin og í gegnum námið. Að lokum færi ég sérstakar þakkir Jóhanni Gréttarssyni fyrir þolinmæði við yfirlestur á ritgerðina.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	3
Formáli	4
Efnisyfirlit	5
1 Inngangur.....	6
2 Hugtök og skilgreiningar á lykilhugtökum.....	9
2.1 Innflytjandi (e. immigrant)	9
2.2 <i>Menning</i> (e. culture).....	9
2.3 <i>Samlögun</i> (e. Assimilation).....	9
2.4 Samþætting (e. Intergration).....	10
2.5 Aðskilnaður (e. Seperation).....	10
2.6 Einangrun (e. marignality).....	11
2.7 Þverþjóðleiki og menningarblöndun (e. acculturation)	11
3 Aðlögunarferli innflytjenda.....	12
3.1 Ferli til aðlögunar.....	12
3.2 Tungumálakunnátta	15
4 Foreldrar í öllum menningarheimum.....	17
4.1 Uppeldishættir foreldra.....	18
4.2 Jafnvægi hjá foreldrum í samþættingu uppeldishátta tveggja menningarheima.	20
5 Fjölmennningarleg félagsráðgjöf.....	23
5.1 Aðkoma félagsráðgjafar að málefnum innflytjendafjölskyldna	23
5.2 Fjölmennningarfræðileg úrræði og kenningar um starfsaðferðir	24
5.2.1 <i>Félagslegt réttlætis sjónarmið</i> (e. social justice approach).....	25
5.2.2 <i>Vistfræðikenning</i> (e. ecological system theory)	26
5.2.3 <i>Menningarnet Skytte</i>	27
5.2.4 <i>Styrkleikakenning</i> (e. strength theory)	27
5.2.5 <i>Valdefling</i> (e. empowerment theory)	28
6 Umræðu og lokaorð.....	30
Heimildaskrá.....	33

1 Inngangur

Íslenskt samfélag hefur tekið mörgum breytingum á undanförunum árum frá því að vera einsleit samfélag. Það var í kjölfar hnattvæðingar sem leiddi fólk til þess að flytja til annarra landa og finna betri tækifæri sem ekki eru í boði í þeirra upprunaland. Ísland er eitt af þeim löndum sem fólk af erlendum uppruna flytja til og eftir árið 2006 hafa alþjóðlegir búferlaflutningar aukist. Segja má að Ísland sé ekki lengur einsleit samfélag heldur hefur það þróast yfir í að vera fjölmenningslegt samfélag. Innflytjendur sem koma og setjast hér að koma frá mismunandi löndum (Hallfríður Þórarinsdóttir, Sólveig H. Georgsdóttir og Berglind L. Hafsteinsdóttir, 2009).

Með auknum fjölda innflytjenda sem koma hér til lands myndast ýmiss konar áskoranir bæði fyrir íslenskt samfélag og þverþjóðleg fjölskyldutengsl þeirra sem setjast hér að landi. Þessar áskoranir eru fjölbreyttar allt frá aðlögun frá hendi samfélagsins að innflytjendum og hvort innflytjendur ná að aðlaga sig á ríkjandi menningu og samþættast íslensku samfélagi. Mikilvægt er að skoða þessi viðfangsefni svo hægt sé að skilja og öðlast meiri þekkingu á hvaða þætti þarf að huga að í mótun stefnu í aðlögun og stuðningi við innflytjendur og fjölskyldur þeirra sem setjast hér að landi.

Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar hérlendis sem einblína aðeins á áskoranir barna- og unglunga, hver þeirra upplifun er, aðlögunarferlið og reynsla, þegar flutt er til nýrra landa. Fáar rannsóknir hafi verið gerðar á foreldrum og þar sem skoðaðar eru áskoranir erlendra foreldra hér á landi sem foreldrar. Eins mikilvægt og viðfangsefnið um áskorun barna- og unglunga er, er jafn mikilvægt að skoða einnig út frá hlið foreldra barnanna, hvernig þau takast á við nýja menningu, hefðir og gildi sem tengjast foreldra hlutverki og aðferðum til að aðlaga sig að þeim og beita jafnframt sinni eigin menningu; það er hvernig þau ná að finna jafnvægi milli ólíkra menninga og síðast en ekki síst hvernig þau takast á við uppeldi barnanna í ríkjandi samfélagi.

Í þessari heimildaritgerð verður skoðuð þekking á áskoranir innflytjenda foreldra við þeirra uppeldishætti, hvernig þeir brúa á milli ólíkrar menningar og finna jafnvægi og leiðir út frá báðum menningum sem foreldrar geta notfært sig við uppeldisaðferðir á börnum þeirra. Innflytjenda foreldrar lenda oft í vandræðum þegar kemur er að uppeldishlutverki barna sinna þar sem foreldrar vilja oft ala upp börnin sinn út frá gildi og menningu heimalands síns

getur myndast vandamál á milli barna og foreldranna (Nesteruk, O., & Marks, L. D., 2011). Einnig verður skoðað hvernig innflytjenda foreldrar aðlaga sig að nýrri menningu.

Ástæðan fyrir valinu á viðfangsefninu er sú að ransakandinn sjálf kemur frá innflytjenda fjölskyldu og hefur bæði upplifað og séð hversu mikil áskorun er fyrir foreldrar að ala upp barnið sitt samkvæmt menningu sem þau koma úr og er jafnframt ólíkt þeirri menningu sem þau búa í. Höfundur fluttist búferlum til Íslands aðeins 10 ára gömul og tekið var vel á móti mér í skólanum þar sem þau lögðu áherslu á að ég læri menningu nýja landsins, tungumálið, siði og hefðir. Ég hafði þannig tækifæri til að fá mestu aðstoð svo að mér liði vel í nýja landinu sem ég kalla einnig heimilið mitt. Hinsvegar var raunin önnur með foreldra mína, upplifðu foreldrar mínir hið gagnstæða þar sem þau þurftu að aðlaga sig án aðstoðar við nýja menningu, læra tungumálið að eigin getu og þurfa einnig að sjá fyrir mér og systkinum mínum farboða. Telur höfundur mikilvægt að það komi til skila hversu mikilvægt viðfangsefnið er sem hér er til umfjöllunar svo hægt sé að hafa í huga innflytjendur sem eru foreldrar, þeirra upplifun, reynslu og áskoranir við að setjast að í öðru landi.

Markmið ritgerðarinnar er að skoða fyrirbyggjandi þekkingu á stöðu innflytjenda foreldra þegar kemur að þeirra reynslu af uppeldishlutverki í nýja menningarsamfélagi. Meðal annars verður skoðað út frá hlið innflytjenda foreldra, þeirra aðlögun í nýja samfélaginu og hvernig þeir ná að samþætta hlutverk úr heima menningu við gildandi menningu. Settar voru fram rannsóknarspurningar sem hljómar svo:

1. Hverning ná innflytjenda foreldra að finna jafnvægi í því ferli að samþætta uppeldishefðir tveggja ólíkra menningarheima?
2. Hvaða starfsaðferðir eða kenningarnálgun beita félagsráðgjafar við að aðstoða innflytjenda foreldra við að takast á við foreldrahlutverk í nýju samfélagi?

Ritgerðin skiptist í fimm meginkafla og við upphaf ritgerðarinnar verður fjallað um helstu hugtök og skilgreiningar sem fjallað verður um í ritgerðinni. Annar kafli snýr að aðlögunarferli innflytjenda og áhrifaþættir við aðlögunina. Í þriðja kaflanum verður gerð grein fyrir megin viðfangsefni ritgerðarinnar, þar sem fjallað verður um áhrif mismunandi menninga á uppeldishætti foreldra, áskoranir innflytjenda foreldra sem þau standa frammi fyrir þegar þau flytja til nýs lands og hvernig tekst foreldranum að brúa milli uppeldishátta beggja menninga heima. Því næst verður fjallað um fjölmenningslega félagsráðgjöf sem felst í því hvernig félagsráðgjafar vinna með innflytjenda fjölskyldum, kenningar um starfsaðferðir sem

felágsráðgjafar beita þegar unnið er með hópum innflytjenda, sérstaklega innflytjenda fjölskyldur.

Kenningar og líkön sem fjallað verður um í ritgerðinni eru vistfræðikenning, styrkleikakenning og valdefling. Einnig verður fjallað um menningarnet Díönu Baumrind og í lokin eru umræður og lokaorð þar sem teknar verða saman helstu niðurstöður úr heimildarritgerðinni.

2 Hugtök og skilgreiningar á lykilhugtökum

Kafli þessi fjallar um þau helstu hugtök sem tengjast viðfangsefni ritgerðarinnar. Þau hugtök sem verða skilgreind hér á eftir eru hugtökin innflytjandi, menning, menningarblöndun og þverþjóðleiki. Einnig verðar skilgreind fjögur hugtök sem tengjast leiðum til aðlögunar innflytjenda og þau eru samlögun, samþætting, aðskilnaður og einangrun.

2.1 Innflytjandi (e. immigrant)

Innflytjandi er hugtak sem er skilgreint samkvæmt Hagstofu Íslands (2016) einstaklingur fæddur erlendis eða á foreldra sem eru báðir fæddir erlendis. Innflytjendur eru mjög fjölbreyttur hópur sem koma frá mismunandi þjóðernum og setjast að í öðru landi til lengri tíma eða alla ævi vegna mismunandi ástæðna (Suárez- Orozco og Suárez- Orozco, 2002).

Samkvæmt stefnu ríkistjórnarinnar um aðlögun innflytjenda (2007) er hugtakið innflytjandi skilgreint sem „fæddur erlendis og hefur annað mál en íslensku að móðurmáli en sest að hér á landi til langframa“. (Félagsmálaráðuneytið, 2007)

Hugtakið „önnur kynslóð innflytjenda vísar til þeirra einstaklinga sem fæddir eru á Íslandi og eiga foreldra sem báðir eru innflytjendur“. (Hagstofa Íslands, 2016)

2.2 Menning (e. culture)

Menning er fyrirbæri eða aðstæður sem skapa félagslega þætti fólks og hafa áhrif á gjörðir þeirra. Hún er sú þáttur sem aðskilur okkur frá hinum, það gerir okkur mögulegt að útskýra og skilja, hugtakið *menningarleg mismunun* (e. Cultural difference) (Abu-Lughod, 1991). Það er ekki hægt að segja til um það að það sé ein útskýring á hugtakinu menning heldur er hægt að útskýra það út frá margbreytilegum lífnaðarháttum manna og tengist í raun öllu því sem einstaklingin gerir (Abu-Lughod, 1991). Samkvæmt Edward Burnett Tylor (1913) er menning það sem tengir lög, hefðir, venjur, trú og listir, sem einstaklingar innan ákveðins hóps eða samfélags tilheyra sér.

2.3 Samlögun (e. Assimilation)

Hugtakið samlögun er hliðstæð en þá er átt við það þegar innflytjendur koma í nýtt samfélag og vilja vera fullgildir þáttakendur í nýju samfélagi, þau taka upp nýjan lífsstíl og falla inn í samfélagið (Rannveig Þórisdóttir, Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir og Jón Gunnar Bernburg, 1997). Einstaklingar sem komnir eru á þetta stig eru taldir viðbúnir við að takast á við breytingar það er að segja að taka upp nýjar hefðir, tungumál og jafnvel að endurskoða

gildismat sitt því almennt vilja innflytjendur ekki vera áberandi fyrir það að vera öðruvísi og þetta er til dæmis ríkjandi meðal unglunga af erlendum uppruna sem eru að aðlagast nýrri menningu, samlögun ýtir þeim til að taka á móti nýrri menningu (Rannveig Þorisdóttir, o.fl, 1997).

2.4 Samþætting (e. Intergration)

Lýsir sér þannig að innflytjendur leitast við að viðhalda upprunalegum hefðum, menningu og tungumáli en einnig að ná þekkingu á nýja samfélaginu og verða hluti af því. Það gengur út frá því að því fylgir ákveðið álag á að halda í gömlu hefðirnar og gildi ásamt því að aðlagast nýju samfélagi, þeir þurfa að geta náð að samlaga sig í báðum menningarheimum eða vera hluti af báðum hópum (Rannveig Þorisdóttir, o.fl, 1997).

Samþætting er talin vera æskilegasta leiðin til aðlögunar vegna þess að það viðheldur bæði félagslegum og menningarlegum tengslum við fæðingarlandið og nýja landið (Rannveig Þorisdóttir, o.fl, 1997). Til dæmis má nefna börn af erlendum uppruna nú til dags, foreldrar innflytjenda leggja oft á tíðum meiri áherslu á að gamlar hefðir og siðir fæðingarlandsins gleymist ekki, en samfélagið í kring og félagsleg tengsl ýta í hina áttina sem leiðir til að börnin verða undir pressu til þess að vera hluti af báðum menningum og veldur kynslóðarspennu en slík spenna myndast þegar foreldrar halda í fyrri menningu einungis og börnin taka inn gildi og hefðir í báðum menningum.

2.5 Aðskilnaður (e. Seperation)

Með aðskilnaði er átt við það þegar innflytjendur ná ekki sátt við nýja menningu, þau vilja ekki breyta siðum og venjum sínum og vilja halda gamlar hefðir. Einnig vilja þeir ekki vera hluti af nýja samfélaginu sem leiðir því að aðlögun á sér ekki stað (Berry, 2005). Yfirleitt eru innflytjendur í þessum tilfellum að hópa sig saman og algengt er að þeir búi á sérstökum svæðum sem leiðir til minni þáttöku við nýja menningu og nánast engin samskipti við einstaklinga utan hópsins, þau stofna sitt eigið samfélag sem getur einkennst af félagslegum vandamálum og fátækt, sem ríkjandi samfélag vill nánast lítið sem ekkert eiga við. Aðskilnaður í þessu tilfalli er óæskileg útkoma í aðlögunarferlinu (Berry, 2005).

2.6 Einangrun (e. marignality)

Einangrun einkennist af því að aðlögun á sér ekki stað en er frábugðin aðskilnaði að því leyti að innflytjandinn tapar nánast allri sinni gömlu menningu en aðlagast heldur ekki nýja samfélaginu. Eins og aðskilnaður er einangrun neikvæð útkoma að loknu aðlögunarferlinu. (Rannveig Þorisdóttir, o.fl, 1997).

2.7 Þverþjóðleiki og menningarblöndun (e. acculturation)

Talað er um að þegar hópar með ólíkan menningarbakgrunn hafa samskipti á milli sín myndast sjálfkrafa menningblöndun sem leiðir síðan til menningarlegra og sálfræðilegra breytinga (Berry, 2005). Með menningarblöndun er einstaklingurinn að aðlaga og opna sig fyrir nýju umhverfi, það felur í sér sátt við nýja menningu og samþykki. Hugtakið menningarblöndun felur í sér tvö ferli og þau eru sálfræðilegar og menningarlegrar breytingar. Sálfræðilegar og menningarlegar breytingar eru langtímaferli og misjafnar milli einstaklinga, stundum tekur það ár og stundum aldir (Ward, C., Okura, Y., Kennedy, A., og Kojima, T., 1998)

Önnur heiti yfir menningarblöndun er hugtakið *þverþjóðleiki* eða (e. Transnationality) sem er mikilvægt hugtak þegar kemur að málefnum innflytjenda. Með þverþjóðleika er átt við að einstaklingurinn hefur tengsl við fleiri en eitt þjóðríki. Einstaklingurinn aðlagar sig að nýju samfélagi og kynnir sér landið án þess að það skaði tengsl einstaklingsins við sína fyrri menningu. Með þverþjóðleika nær einstaklingurinn að viðhalda tengslum bæði við nýja landið og fæðingarlandið (Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtyńska, 2007).

3 Aðlögunarferli innflytjenda

Kafli þessi fjallar um aðlögun innflytjenda, það ferli sem hópar, fjölskyldur eða einstaklingar ganga í þegar flutt er til nýrra landa. Það fylgir því oft fjölvanda áskorun þegar flutt er til annarra landa þar sem önnur menning og tungumál ríkir.

Í næstu tveimur undirköflum verða fjallað um aðlögunarferli innflytjenda fjölskyldna að nýju samfélagi, tungumál sem áhrifaþátt og sem annars vegar hindra og hinsvegar hjálpa innflytjenda fjölskyldum við að aðlaga sig að nýja landinu.

3.1 Ferli til aðlögunar

Aðlögunarferli hjá innflytjendum eru mismunandi, þar sem margir þættir hafa áhrif á aðlögunina sjálfa og hvernig þeir bregðast við nýju umhverfi og menningu. Sama má segja um þeirra bakgrun og menningu, hvernig þeir taka á móti nýja samfélaginu. Það er margt sem spilar inni sem má rekja til persónuleika einstaklinganna sjálfra (Menntamálaráðuneytið, 1997).

Í þessum undirkafla verður fjallað um aðlögunarferli innflytjenda fjölskyldu í þeirri vegferð að setjast að í nýju landi, það er að segja hvernig hún aðlagast félagslega hinni nýju menningu og hver viðhorf samfélagsins til hinna nýju íbúa eru.

Fjölskylduaðstæður hverja og einna eru mismunandi, sumir flytja hingað til lands eins síns lífs ásamt maka og börnum og það getur komið fyrir að börn eru skilin eftir í heimalandinu í umsjá ættingja. Aðrir flytja með stórfjölskyldu og flytja þá á svipaðar slóðir sem einhver úr fjölskyldunni hafa flust til. Ekki er það alltaf auðvelt þegar ákveðið er að flýtja til ókunnugs lands sem er frábrugðið þeirri menningu sem viðkomandi einstaklingur hefur alist upp við og það sérstaklega þegar um er að ræða börn og ákvörðunin um flutningin er ekki þeirra heldur er tekin af foreldrunum (Sluzki, 1979). Ákvörðun foreldra er gerð með hagsmuni fjölskyldunnar í heild að leiðarljósi eftir töluverða íhugun og skipulagninu sem hefur staðið í dálítinn tíma. Ástæður einstaklinga og fjölskyldna um að flytjast á milli landa eru margvíslegar en oft á tíðum er það sökum slæms efnahagslegs ástands í heimalandinu og bágra lífskjara og tækifæra til atvinnu. Fjölskyldur sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður hafa það markmið að vilja bætt líffskilyrði, fyrst og fremst vegna barnanna sína og þá endar ákvörðun um að flytja til annars lands, þó að börnin séu ekki alltaf sammála því að flytja hafa þau ekkert val um að fara eftir ákvörðun fjölskyldu sinnar (Sluzki, 1979).

Í kjölfar flutnings til nýs lands fylgir oft tilfinningaleg streita á fjölskylduna, þar sem samskiptin einkennast af óöryggi og togstreitu á meðan aðlögunartímabilinu stendur. Það er vegna þess að hver fjölskyldumeðlimur eða einstaklingur hefur sínar eigin tímalínu til að aðlagast við nýjar aðstæður (Sluzki, 1979). Óöryggi gæti myndast ef einstaklingurinn hefur ótta við nýjar breytingar og þetta gæti haft áhrif á fjölskylduna, sömuleiðis valdið togstreitu þar sem allir eru ekki á sama stað með sitt aðlögunarferli og getur það valdið meðal annars ójafnvægi innan fjölskyldunnar. Sem dæmi má nefna ef annað hvor móðirin eða faðirinn hefur farið á undan til nýs lands og hefur starfað þar í nokkuð langan tíma, hér er verið að tala um *þverþjóðlegar fjölskyldur* eða (e. transnational families) (Sluzki, 1979) þar sem fjölskyldur búa ekki á sama stað, hvorki í sama landi eða sama heimili en leitast við að sinna hlutverkum sínum þvert á ríki. Annað dæmi um þetta eru til dæmis innflytjendur sem starfa hér á landi, mæður frá filipseyjum hafa upplifað það að þurfa að skilja börnin sín eftir í heimalandinu vegna betri tækifærra til launa og vinnu hér á landi. Þetta fyrirkomulag veldur álagi á fjölskylduna, þar sem fjölskyldumeðlimir sem eru skildir eftir í heimalandinu finna fyrir söknuði og á sama tíma sá sem vinnur fyrir heimilinu finnur fyrir álagi til að geta sent pening heim og séð fyrir allri fjölskyldunni, þótt það veiti um leið meiri lífsgæði fyrir fjölskylduna, sem eftir varð í heimalandi (Parreñas, 2001).

Mismunandi fjölskylduaðstæður verða þess valdandi að tengslin milli fjölskyldumeðlimi eru missterk og mismikil þegar komið er til nýs lands, það er að segja hvort að fjölskyldan sé til staðar fyrir viðkomandi í nýju landi eða hvort að einstaklinginn hafi flutt einn til nýja landsins, ef einstaklingurinn hefur enga að, grípur samfélagið við til að aðstoða einstaklingin eða fjölskylduna, það er að segja með ýmiss úrræðum eða stuðningi á borði við félagslegri og fjárhagslegri aðstoð (Menntamálaráðuneytið, 1997).

Þegar fjölskyldumeðlimir koma saman í ókunnugri menningu og umhverfi, þar sem þeirri fyrri þekking og reynsla kemur ekki að notum til að bregðast við nýjum aðstæðum, það er að segja miklar breytingar sem eiga sér stað í kjölfar flutninga, verða innflytjendur fyrir svokölluðu *menningaráfalli* (e. culture shock) sem einkennist af því að fólki finnist það vera ófullnægjandi og utanaðkomandi í nýja samfélaginu (Herlitz, 1999). Menningaráfall veldur skilningsleysi gagnvart því sem er að gerast í kringum einstaklinginn, það er að segja umhverfi sem hann býr yfir við og þar af leiðandi finnur fólk fyrir mikilli tilfinningastreitu, ótta, kvíði, óöryggi, og einnig þunglyndi (Herlitz, 1999). Til þess að komast yfir

menningaráfallið er þörf á að fjölskyldan endurskoði viðmið og gildi sín, finni jafnvægi á milli upprunamennigarinnar og nýju menningarinnar og skapi sér nýjan lífsstíl í ríkjandi samfélagi. Þegar innflytjendur ná að komast yfir menningar áfallið er hann tilbúinn til að kynna nýja samfélaginu (Herlitz, 1999).

Aðlöngunarferli hjá börnum er talið vera skemmra heldur en hjá foreldrum (Mjörnell, 2005). Þau ná tökum á nýja tungumálinu hraðar og kynna og taka inn gildi og hefðir nýja samfélagsins sem leiðir til þess að börnin lenda í þeirri stöðu að foreldrarnir verða háðir þeim við að fóta sig í nýja samfélaginu. Foreldrarnir verða oft ósjálfbjarga í nýja samfélaginu og þörfin fyrir stuðning barna þeirra eykst og verður einkar mikilvægur fyrir þá svo að þeir nái að fóta sig í nýju samfélagi. Börnin finna fyrir erfiðleikum foreldranna við að aðlaga sig að nýja landinu og er ástæðan einkum tungumálaerfiðleikar sem foreldrar barnanna kljást við, til dæmis börn innflytjenda taka oftast að sér að túlka og útskýra fyrir foreldrum þegar þörf er á í samskiptum við einstaklinga og stofnanir í samfélaginu. Þetta getur haft áhrif á valdajafnvægið innan fjölskyldunnar þar sem börn fá aukna ábyrgð og vald gagnvart foreldrum sem eru börnum háðir og úr þessu verður hlutverka víxlun (Mjörnell, 2005). Foreldrar, sem eru í þessari stöðu leita að einhvers konar haldreipi til að fóta sig í umhverfinu og finna það hjá börnum sínum. En á móti finna börnin fyrir óöryggi þar sem þau telja að foreldrar þeirra geti ekki lengur veitt þeim þá festu og öryggi sem uppaldur sem þeir hafa áður veitt í sínu heimalandi. Sömuleiðis hefur það áhrif á foreldranna þar sem þeir finna fyrir minnkandi virðingu barnanna sína. Sjálfsmynd innflytjenda foreldra getur orðið fyrir hnekki þar sem þeir finna fyrir vanmætti sínum sem foreldri. Til dæmis getur það komið upp að barnið veikist og foreldrar vita ekki hvar þeir eigi að leita sér læknaaðstoðar eða afla upplýsinga um réttindi sín (Mjörnell, 2005).

Fólk þarf ákveðinn tíma til að fóta sig í nýja landinu. Sumir eru fljótir í þessu ferli en aðrir finna fyrir erfiðleikum við það og leitast við að halda upprunameningunni sem leiðir til þess að þeir halda fast við gamlar hefðir og siði upprunalandsins en hafna þar af leiðandi menningu í nýja landinu. Þegar innflytjendur verða fyrir þessu eru þeir að upplifa aðskilnað frá samfélaginu, þar sem þeir halda fast við uppruna sinn en aðskilja sig algjörlega ríkjandi menningu (Roth, 1998). Einnig eiga innflytjendur á hættu að einangra sig eða lenda í einhvers konar jaðarstöðu þar sem þeir virðast hvorki geta náð að viðhalda samskiptum og tengslum við sína upprunalegu menningu né finnast þeir tilheyra nýja landinu (Roth, 1998).

Börn og fullorðnir eru í sömu hættu á að lenda í jaðarstöðu í samfélaginu ef þeim gengur illa að aðlagast nýrri menningu og á sama tíma hafna sinni gömlu menningu.

Samkvæmt Portes og Rumbaut (2001) skiptir máli hvernig ríkjandi samfélag tekur á móti fólki sem til landsins flytur. Að þetta sé stór þáttur í því hvernig innflytjendur aðlagast nýju samfélagi því það er ekki einungis það fólk sem flytur til annara landa sem þarfnast aðlögunar við aðstæðum heldur samfélagið sjálft í nýja landinu þurfi að aðlaga sig að breytingum sem eiga sér stað í umhverfinu og fólki sem flytur til landsins (Roth, 1998), það er að segja að samfélagið aðlagar sig að því að vera fjölmenningslegt samfélag, með réttindum og úrræðum sem gera innflytjendum kleift að aðlagast og verða virkir þáttakendur í nýju samfélagi.

3.2 Tungumálakunnátta

Í þessum kafla verður fjallað um mikilvægi tungumálsins við aðlögunarferli innflytjenda og skoðað verður hvernig innflytjendur, sérstaklega innflytjendaforeldrar nái að tileinka sér tungumálið í ríkjandi menningu og hvernig tungumálafærni hefur áhrif á þeirri aðlögun.

Tungumál er tól sem gerir okkur kleift að tjá okkur og hafa samskipti við aðra. Kunnáttan á tungumálinu er sérstaklega mikilvægur partur þegar talað er um málefni innflytjenda því það spilar stóran þátt í aðlögun þeirra í nýja landinu. Rík þörf er fyrir einstaklinginn að hafa góð tök á tungumálinu því það er valdataeki sem gerir honum kleift að vera skiljanlegur og á sama tíma til að skilja aðra (Félagsmálaráðuneytið, 2007).

Samkvæmt Menntamálaráðuneytinu (1997) er grunnundirstaða í móðurtungumáli og kunnátta lykilatriði þegar læra þarf nýtt tungumál og bæta því við sína þekkingu. Íslenska ríkisstjórnin samþykkti fyrstu stefnu sína um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagið árið 2007. Í stefnunni kom fram mikilvægi tungumáls og hve mikilvægt það væri fyrir innflytjendur að læra íslenska tungumálið svo það efldi tækifæri þeirra til þátttöku og getu til að aðlaga sig að íslensku samfélagi. Greint var einnig frá mikilvægi þátttöku innflytjendaforeldra eða forráðamanna innflytjenda barna sem snúa að málefnum barna, það er að segja menntun barnanna, við aðlögun barna (Félagsmálaráðuneytið, 2007).

Fram kemur í skýrslu Rauða Kross Íslands (2006) að veik kunnátta í íslensku hjá innflytjendum sé helsta ástæða þess að þeir aðlagist illa í ríkjandi samfélagi. En það er allt önnur saga með börn innflytjenda þar sem þau eiga auðveldlega með að tileinka sér nýtt tungumál heldur en fullorðnir. Börnin fá gjarnan markvissa og mikla hjálp og kennslu í

skólum, einnig má benda á að það er góð stefna fyrir innflytjenda börn sem er veitt þegar þau koma til landsins á meðan fullorðna fólkið eða foreldra þess barns bera sjálft ábyrgð á sinni aðlögun í nýja landinu sem veldur því miklu álagi þar sem meiri áskoranir liggja nú þegar fyrir (Rauði kross Íslands, 2006).

Ef vitnað er í fyrri rannsóknir er hægt að segja að innflytjenda foreldrar líta á tungumálið sem þeirra helstu hindrun í samskiptum við umhverfi sitt og sem geri þeim erfitt fyrir að tjá, segja skoðanir sínar og þá í samskiptum sínum við skóla og sem veldur því að þeir eiga erfiðara með að fylgjast með skólagöngu barnanna. Einnig vita innflytjenda foreldrar að þeirra kunnátta á íslensku máli verður seint jafnt góð og barnanna sinna og þar af leiðandi geta foreldrar innflytjenda barna lítið notast við íslenskuna til að eiga í árangursríkum samskiptum við börnin sín og í samstarfi við skóla barnanna sína. Í þessu tilfalli er meiri hætta á því að börnin verði í hlutverki sem milligöngumaður fyrir foreldrana sína, að börnin taki ábyrgð á samskiptum foreldrana eða fjölskyldu við umheiminn. Þar er barnið komin í ábyrgðarstöðu sem er óæskileg, sem veldur einnig hlutverkavíxlun innan heimilisins og riðlun í hefðum sem gilda um hlutverk barna og foreldra eins og áður hefur komið fram (Mjörnell, 2005). Mikil ábyrgð veldur auknu álagi á börn sem getur orðið til þess að „fullorðnast of fljótt“ (e. hurried child syndrome), sérstaklega ef væntingar á þeim af foreldrum eru miklar og í ýmsu samhengi daglegs lífs sem getur þá komið niður á námi þeirra (Suárez- Orozco og Suárez- Orozco, 2002).

Niðurstöður úr viðhorfskönnun sem gerð var fyrir innflytjendur á Íslandi þar sem gerð var könnun á færni þeirra á íslenska tungumálinu kom fram að 49% innflytjenda greiddu sjálfir fyrir kostnaðin til þess að læra íslensku, 18% sóttu um námskeið á sínu móðurmáli, en kennslan var fór oftast fram á ensku. Það kom einnig fram að innflytjendur eiga oft erfitt með að sækja um námskeið í íslensku vegna þess að námskeiðstímar stangast á við vinnutíma þeirra (Vala Jónsdóttir, Kristín Erla Harðardóttir og Ragna Benedikta Garðarsdóttir, 2009). Út frá niðurstöðum kannaninar er einnig ályktað að fullorðið fólk eða foreldra innflytjenda barna taka oft lengri tíma til að aðlagast nýju landi vegna ýmsa ástæðna og það sérstaklega vegna mikilla erfiðleika með að tileinka sér tungumálið á nýja landinu (Vala Jónsdóttir, Kristín Erla Harðardóttir og Ragna Benedikta Garðarsdóttir, 2009).

Ljóst er að tungumál, bæði ríkjandi menning þess samfélags sem innflytjendur búa í spilar stóran sess í aðlögun innflytjenda. Mikilvægt er fyrir innflytjendur þegar þeir setjast að

í öðru landi að ná góðum tókum á tungumáli hins nýja lands en á sama tíma að viðhalda móðurmálinu svo þeir einangrist ekki og verði utanveltu í samfélaginu (Mannréttindaskrifstofa Íslands, e.d.).

4 Foreldrar í öllum menningarheimum

Í þessum stóra heimi sem stöðugt er að breytast, er mikil ábyrgð að ala upp börn sem felst í tölverðri vinna fyrir foreldra í því markmiði að ala börnin sín upp til þess að verða góðir samfélagsþegnar. Foreldrar koma aldrei með að vita í hvernig samfélagi þeirra barn mun alast upp í og búa, en foreldrar hvers tíma hafa það öll sameiginleg að vilja það besta fyrir börnin sín í lífinu (Berns, 2004). Þau leitast við að, undirbúa börnin sín fyrir komandi framtíð með því að leiðbeina þeim til sjálfstæðis, hjálpa þeim að hafa getu til að sjá fyrir sér og verða að virkum þjóðfélagsþegnum í samfélaginu sem fjölskyldan býr í (Berns, 2004).

Foreldrar gegna því mikilvægu hlutverki við að móta sjálfsmynd barna sinna og fylgir því mikil áskorun, þá sérstaklega ef erfiðar aðstæður komi upp í lífi barna, til dæmis þegar fjölskyldan flytur til annars lands, til þess að bæta hag fjölskyldunnar því það þýðir að börn þurfa að takast á við nýjar og mismunandi aðstæður (Bornstein, 2012).

Þar sem foreldrar hafa ekki sömu gildi leiðir það til þess að þau deila ekki sama samfélagi og eiga hafa sínar eigin leiðir og túlka sína uppeldshætti á mjög mismunandi hátt, sem dæmi má nefna mikilvægi fyrir foreldra að eiga samtali við börnin sín um tilfinningar. Hjá sumum foreldrum eða tókum sem dæmi hvítir foreldrar eru líklegri til að finnast umræðan mikilvæg heldur en foreldrar í Afríku (Spicer, 2010)

Menning og tungumál hefur spilar stóran þátt þegar kemur er að uppeldisháttum foreldra (Chao, 1994), því þeirra viðhorf til foreldrahlutverksins og háttum í að ala upp börn byggist á sameiginlegri menningu og þau aðlaga það í sínum persónuleika. Það endurspeglar skýra menningarlega fjölbreytni í þeirri staðreynd að foreldrar af mismunandi menningu, taka ákvörðun á sinn hátt í því hvaða uppeldisaðferð þau nota í að ala upp börnin sín, þar sem mismunandi venjur og viðhorf varðandi uppeldi barna tilheyra í hverri menningu fyrir sig (Tuli, 2012). Einnig telst menning hafa mikil áhrif að því leyti að það leiðbeinir foreldrum um siði og venjur sem eiga sér stað á hverjum tíma (Dwairy, M., Achoui, M., Abouserie, R., Farah, A., Sakhleh, A. A., Fayad, M. og Khan, H. K., 2006).

Þegar fjölskyldur flytja til annarra landa er tilhneiging að viðgildandi hefðir og hættir í foreldrauppeldi stangist á við eða trufla uppeldisaðferð foreldranna sem þau eru vön, það er að segja, það er erfitt fyrir foreldra að viðhalda gömlum uppeldisháttum vegna sterkra áhrifa frá gildum og viðmiðum hið nýja samfélag. Væntingnar foreldra um hlutverk barna í fjölskyldunni, þeirra aðferðir við aga og skoðanir foreldra tengjast þessum menningarlega mun í uppeldi og þetta hefur áhrif á þroska barnanna því þau eru mótuð eftir því (Spicer, 2010).

Þrátt fyrir mismunandi og ólíka uppeldishætti foreldrar úr öllum samfélögum, eru þeir þó um margt svipaðar og þess vegna er áhugavert að skoða í hverju mismunur í uppeldisaðferðum á milli ólíkra samfélaga og menninga felst til þess að átta sig betur á mismuninum og efla meira þekkinguna á þessu sviði. Ekki síst lærum við af uppeldisáherslum hvernar menningar fyrir sig sem getur gefið okkur hugmynd um okkar eigin sjónarmið varðandi uppeldisáherslur (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2001).

Í næstu tveimur köflum verður fjallað um uppeldishætti foreldra með hliðsjón af kenningu Díönu Baumrind, um mismunandi uppeldisaðferðir foreldra. Í seinna kaflanum verður fjallað um þörf foreldra við að finna jafnvægi og samþættingu við þeirra uppeldishætti.

4.1 Uppeldishættir foreldra

Mismunur í áherslum foreldra í uppeldisaðferðum innan fjölskyldu getur verið uppspretta átaka á milli foreldra. Þegar skoðaðar er uppeldisaðferðir foreldra á börnum sínum er gjarnan vísað til kenningar Díönu Baumrind (1989), þar sem hún lagði áherslu á að skoða uppeldisaðferðir foreldra og þroska barna þeirra. Úr þeirri rannsókn greindi Baumrind (1989) þrjá mismunandi aðferðir sem foreldrar gjarnan beita. Ein aðferð er *leiðandi uppeldi* (e. authoritative parenting), önnur *skipandi uppeldi* (e. authoritarian parenting) og hin þriðji er *eftirlátssamt uppeldi* (e. permissive parenting). Í þessa þrjá flokka bættist fjórði flokkurinn sem Maccoby og Martin (1983) hafa nefnt og bætt við hina þrjá flokkana en það er *afskiptalaus aðferðin* (e. neglectful) (Baumrind, 1989). Allir fjórar flokkar notast við mismunandi aðferðir og oftast ala af sér ólík börn. Hér fyrir neðan verður fjallað um þessar fjórar flokkar í smá atriðum, til þess að fá innsýn inni mismunandi aðferðir sem foreldrar nota við þeirra uppeldi. Reynt verður einnig að tengja þessa flokka við uppeldishætti innflyjtendaforeldra.

Leiðandi uppeldi (e. authoritative parenting) samkvæmt Baumrind (1989) eru þeir foreldrar sem eru bæði móttækilegir, krefjandi og hafa hæfileika til að setja skýrar og skynsamlegar kröfur um ábyrga hegðun sem eru í samræmi við þroskahæfileika barna sinna. Leiðandi foreldrar eru fastir í að framfylgja kröfum sínum en sýna einnig umhyggju, hlýju og viðbrögð við þörfum barna sinna. Leiðandi foreldrar eru síst hæfir til að semja um væntingar þeirra (Baumrind, 1989).

Með *skipandi uppeldi* (e. authoritarian parenting) vilja foreldrar móta börnin sín eftir sínu höfði það er að segja, þau stjórna hegðuninni, foreldrar vilja að hegðun barnanna passi við það hvernig þau vilja að börnin þeirra hagi sér. Foreldrar sem eru skipandi er oftast fastmótaðir af sínum eigin hugmyndum, þar sem reglur eru af gömlum toga sem þeir sjálfir ólust upp við. Þeir meta mjög eftirlit með börnum með reglum sem getur dragið úr samningarviðræðum milli foreldra og barns sem getur leitt til vanrækslu með tilliti til þarfa barnsins (Baumrind, 1989).

Eftirlátssamt uppeldi (e. permissive parenting) þar eru foreldrar að svara þörfum barna sinna og hafa nær engin einkenni um bæði skipandi og leiðandi foreldra, það er að segja þau setja nánast engin mörk gagnvart börnum sínum. Foreldrar sem eru eftirlátssamir eru sáttir við börnum sínum eins og þau eru sem leiðir til að þau gera litlar kröfur til þeirra.

Líkt og eftirlátssamt uppeldi er *afskiptalaus aðferðin* (e. neglectful) foreldrar sem gera engar kröfur til barna sinna en ólíkir þó því að þau eru tilfinningalega aftengt börnum sínum og þar af leiðandi sýna þeim litla hlýju, umhyggju og stuðning (Baumrind, 1989).

Rannsókn Baumrind bendir til þess að leiðandi uppeldi sé árangursríkast í leiða börn til heilbrigðrar aðlögunar. Leiðandi foreldrar hefur stöðugt verið tengdir við fjölbreytt úrval af rannsóknum sem gerðar eru með unglunga og útkomu úr þeirri rannsókn hefur jákvæð áhrif, þar á meðal betri akademískur árangur, aukin hæfni, sjálfstæði og sjálfsálit, viðeigandi siðferðileg þróun þroska og góð félagsleg færni. Baumrind hefur lagt til að leiðandi uppeldi sé skilvirkast vegna mikillar væntingar foreldra og stuðning við þroskaða hegðun (Baumrind, 1989).

Sumir fjölmennningarlegir vísindamenn hafa tekið fram að innflytjendaforeldrar eru líklegri til að nota skipandi uppeldi sem dæmi foreldrar af latneskum, indverskum og asískum fjölskyldum hafa sýnt af sér skipandi mynstur hegðunar (Rudy og Grusec, 2006). Á einhverju stigi geta uppeldisaðferðir foreldra endurspeglad menningarleg gildi í uppeldisaðferðum. Til

dæmis hefur verið sýnt fram á mismunandi mun á foreldraformum, þar sem er í sumum menningarheimum er gert ráð fyrir meiri hlýðni og eftirgefni frá dætrum en frá sonum, sem leiðir til meiri ytri stjórnunar á dætrum samanborið við syni. Þvert á móti í einstaklingsbudnum menningarheimum er meira mat lagt á sjálfstæði og sjálfsvöxt. Foreldrar af þessum menningarheimum eru gjarnar kenndir við leiðandi foreldra sem styðja sjálfstæði barna sinna og leggja minna áherslu á að vera hlýðinn og félagsleg (Rudy og Grusec, 2006).

4.2 Jafnvægi hjá foreldrum í samþættingu uppeldishátta tveggja menningarheima

Hugtakið samþætting eða (e.intergration) sem nefnt var hér fyrir ofan í skilgreiningar kaflanum er átt við að einstaklingurinn nái að viðhalda og umgangast bæði upprunalega og nýja samfélagið (Rannveig Þorisdóttir, o.fl, 1997). Í þessum kafla verður fjallað um þörf innflytjendafjölskyldna til að finna jafnvægi í samþættingu uppeldishátta tveggja menningarheima.

Innflytjendaforeldrar takast á við krefjandi verkefni í því ferli að samræma uppeldisaðferðir tveggja menningarheima og gera gott úr því sem þeir sjá í nýrri menningu (Nesteruk, O. og Marks, L. D., 2011). Algengt er að það myndist miskilingur og deilur á milli foreldra og barna, þar sem til dæmis börn finna fyrir því að það sé verið að reyna að ráða yfir öllu því sem það tekur sér fyrir hendur og það upplifir að það fái ekki svigrúm til að móta sitt eigið líf. Foreldrar á hinn bóginn, finna fyrir því að missa vald yfir börnum sínum, sem getur líklegast gerst þar sem að börnin hafa tækifæri til að stunda nám og samþættast við nýja menningu hraðar en foreldra þeirra gera og þess vegna er það áskorun fyrir innflytjendaforeldra að finna jafnvægi milli tveggja menningarheima í uppeldishlutverkinu gangavart börnum sínum og að meta hvaða uppeldishættir eru viðeigandi hverju sinni (Portes og Rumbaut, 2001).

Börn sem hafa flust nýlega til nýs lands vilja oft falla inni hópinn sérstaklega í skólaumverfinu og þau vilja aðlagast og mynda tengsl við jafnaldra sína (Sand 1997). En foreldrar innflytjenda barna eru hinsvegar ekki því sammála að þau aðlagist menningu jafnaldra þeirra og vilja að börnin þeirra haldi fast í sína upprunalegu menningu og siði, eins mikið og foreldrar þeirra vonast til hvað þá sjálfa varðar. Það er mikil áskorun fyrir börnin sjálf þar sem barnið umgengst jafnaldra sína í menningu nýja landsins og áhrifin frá þeirri menningu eru meira ríkjandi en þeirra uppruna menning. Einnig hafa innflytjenda foreldra áhyggjur af því að hegðun barna þeirra breytist sem á sér oft stað við kjölfar búferlaflutninga.

Þetta leiðir oft til ósættis og erfiðleika í samskiptum foreldranna og barnanna (Gonzalez – Mena, 2001; Hanna Ragnarsdóttir, 2008; Sand, 1997). Það getur komið upp deila á milli foreldra og barnanna þar sem börnin vilja ekki lengur sinna þeirri ábyrgð og hlutverkum sem þau höfðu áður gert í upprunalandinu. Þetta orsakar hugarangur hjá foreldrum og þeir óttast að missa tökin á börnum sínum. Foreldrarnir líta svo á að nýja samfélagið sé í ósamræmi við upprunamenninguna og geta þá haft tilhneigingu til að taka afgerandi afstöðu sem leiðir til þess að þau leitast við að aðskilja fjölskylduna frá ríkjandi menningu (Gonzales-Mena, 2001).

Í erlendum rannsóknum sem gerðar voru á reynslu innflytjendaforeldra að ala upp börnin sín í Bandaríkjunum kom í ljós að innflytjendaforeldrar þurfi að veita á milli eigin leiða og nýjum áhrifum og leiðbeina börnum sínum til að ná árangri með því að hjálpa þeim að þróa einstaklingshyggju og sjálfstjórn. Einnig kom fram í rannsókninni að foreldrar ræddu um að þeim mislíki það að leyfa börnum of mikið frelsi, þar á meðal frelsi barna til að ákveða hvort þau gera heimavinnuna eða ekki. Þeir greindu frá því að ein af erfiðleikunum við að ala börn í Bandaríkjunum var minnkandi hlýðni barnanna og virðing fyrir foreldrum, eldra fólki og kennurum (Nesteruk, O. og Marks, L. D., 2011). Eftir að hafa upplifað nýja menningarhefðir báru foreldrar saman kosti og gallar af því að vera „of ströng“ við börnin, eins og tíðkaðist í upprunarríkjunum, í samanburði við að vera „of slaka“, eins og þeir skynja foreldra í Bandaríkjunum. Þátttakendur voru ef til vill meðvitaðir um mismunur sem þeir finna í báðum menningarheimum. Móðir og feður ræddu um þörfina á að finna jafnvægi í uppeldishlutverkinu og leiðum á milli þess að veita börnum ótakmarkað frelsi og krefjast hlýðni af þeim, auk þess að halda börnum áhugasömum (Nesteruk, O. og Marks, L. D., 2011).

Innflytjenda foreldrar sem voru þátttakendur rannsóknarinnar voru sammála um, að til þess að ná árangri í uppeldi barna sinna þurfa þeir að hafa jafnvægi eða semja við tvo menningarheima með tilliti til foreldraaðferða, það er að segja þau leitast við að halda sumum upprunalegum gildum og uppeldisháttum, en einnig að samþætta við nýja (Berry, 2007). Í frásögnum foreldra kemur fram að innflytjendaforeldrar reyna að ná tengslum við fortíð sína og nútíð og leitast við að bæta foreldrahæfileika sína, óháð hvaða menningu þau koma frá (Nesteruk, O. og Marks, L. D., 2011).

Ákveðin menning, siðir og hefðir ríkja hjá hverri þjóð og hlutverk einstaklinga innan fjölskyldna eru breytileg milli þjóða. Nefna má til dæmis feðraveldið sem er ríkjandi í mörgum löndum. Í þessu tilfelli eykst hættan hjá innflytjendafjölskyldan að verða fyrir

félagslegri einangrun þegar faðirinn er frá land, þar sem feður hafa valdið í fjölskyldunni og nota það í að koma með þá afstöðu að vera gegn menningu nýja landsins í uppeldisháttum (Hanna Ragnarsdóttir, 2007; Herlitz, 1999). Þennan þátt feðravalds í hlutverki feðra innan fjölskyldna ber fagfólk að hafa í huga og vera meðvitaðir og bera virðingu fyrir upprunamenningu innflytjenda fjölskyldna svo það dragi úr spennu í fjölskyldutengslum og hlutverkum í fjölskyldunni (Gonzales-Mena, 2001). Á vefsíðu hjá Mannréttindaskrifstofa Íslands (e.d) kemur fram:

Í fyrstu var talið mikilvægt að innflytjendur tileinkuðu sér menningu og samfélag innfæddra. Aðskilnaður barna var jafnvel talinn æskilegur til þess að flýta fyrir því að barnið lærði tungumálið. Markmið þessarar stefnu var að gera útlendinga sem líkasta innfæddum í síðum og venjum þannig að þeir myndu samlagast nýrri menningu og tungu og segðu þar af leiðandi skilið við sína eigin. (Mannréttindaskrifstofa Íslands, e.d.)

En í dag ríkir önnur hugmyndafræði sem byggist á samþættingu (Mannréttindaskrifstofa Íslands, e.d.). Aðaláherslan er lögð á mikilvægi þess að innflytjendur samþættist íslensku samfélagi og vera virkir þáttakendur að íslensku samfélagi, en á sama tíma viðhalda tengsl við upprunaland síns. Samþætting stuðli að því að allir íbúar landsins fái sem jöfnust tækifæri til að vera virkir þáttakendur í þjóðfélaginu (Mannréttindaskrifstofa Íslands, e.d.).

Hér hefur verið fjallað um mismunandi uppeldishætti foreldra í öllum menningarheimum, hversu mikil áhrif hefur menningin á uppeldisaðferðir foreldra og hversu breytilegt það er í hverri menning fyrir sig. Í næstu kafla verður fjallað um félagsráðgjöf og áherslur í fjölmennningarlegri félagsráðgjöf til þess að fá innsýn inn í hversu mikilvægt starf félagsráðgjafa er þegar unnið er með fjölbreyttum hópum líkt og innflytjendum. Einnig verður fjallað um þær kenningarnálganir, úrræði og sérstakar starfsaðferðir sem félagsráðgjafar beita þegar unnið er með innflytjenda hópum.

5 Fjölmennningarleg félagsráðgjöf

Það hafa orðið miklar breytingar á starfsvettvangi félagsráðgjafa á undanförunum árum. Þekkingarsvið félagsráðgjafans felast í nauðsyn þess að framkvæma greiningu á vandamálum, aðstæðum og lausnarúrræðum og nauðsynlegt er fyrir félagsráðgjafa að hafa þekkingu á mismunandi og mikilvægum aðstæðum ýmissa hópa og minnihlutahópa í samfélaginu (Sigrún Júlíusdóttir, 2006)

Rekja má til upphafs félagsráðgjafar þar sem þetta hófst fyrst sem sjálfböðavinna og vinna með minnihlutahópum sem dæmi innflytjendum (Mcnutt, 2010). Að vinna með innflytjendum er krefjandi á margan hátt því félagsráðgjafi gæti komið til að starfa með fólki sem hafa ólík menningargildi, hefðir, reynslu og menningarlegann bakgrunn en hans eigin (Mcnutt, 2010).

Félagsráðgjafar notast við að beita sérstökum áherslum og vinnuaðferðum til þess að geta veitt þjónustu sem mætir ólíkum þörfum einstaklinga og fjölskyldna. Í starfi félagsráðgjafa með innflytjendum getur félagsráðgjafi þurft að takast á við ýmis krefjandi áskoranir sem geta meðal annars tengst fólksflutningi frá heimalandi og því ferli við að setjast að í nýju landi (Garcia, 2009). Til að vera fær um að takast á við margs konar áskoranir sem innflytjendum gætu þurft að takast á við í þessu flutningsferli er mikilvæg fyrir félagsráðgjafi að búa yfir faglegri og fræðilegri þekkingu og þekkja vel til mismunandi starfsaðferða sem tengjast fjölmennningarlegri félagsráðgjöf, sem er undirfang í félagsráðgjöf (Garcia, 2009). Robinson (1989) telur að félagsráðgjafin eigi að geta haft hæfni til að meta fjölmennningarlegar aðstæður skjólstæðinga og finna leiðir varðandi það hvernig skilvirkast er að vinna með ólíkum innflytjendum og fólki af erlendum uppruna.

Hér að neðan verður fjallað um aðkomu félagsráðgjafa í málefnum innflytjendafjölskyldur, um beitingu þekkingar og starfsaðferða í starfi með fólki sem hafa mismunandi menningu og þá sérstaklega innflytjendur- og starf með fjölskyldum í þeim hópi. Einnig verður fjallað um kenningar um starfsaðferðir sem fjölmennningarleg félagsráðgjöf byggir á.

5.1 Aðkoma félagsráðgjafar að málefnum innflytjendafjölskyldna

Fjölmennningar félagsráðgjöf eins og nefnt var hér fyrir ofan er undirfang í félagsráðgjöf og í því felst að félagsráðgjafinn eigi að vera upplýstur um mismunandi menningu, ólíkra aðstæður fólks, skilja hvernig aðlögun innflytjenda á sér stað, hvernig þeim gengur að aðlagast að nýja

samfélaginu og mikilvægast er að gera ráð fyrir fjölmennningar breytileika. Að vera árangursríkur félagsráðgjafi felst í því að verða meðvitaður um þetta þrennt, það fyrsta er að verða menningarlega meðvitaður um eigin gildi þeirra, hlutdrægni og forsendur um mannlega hegðun sérstaklega þar sem þau tengjast skilgreiningu fjölskyldunnar. Í öðru lagi er mikilvægt að verða meðvitaður um heimssýn menningar mismunandi skjólstæðinga og að læra hvernig viðkomandi lítur á skilgreiningu, hlutverk og virkni fjölskyldunnar. Síðast þarf að móta viðeigandi íhlutunar áætlanir til að hámarka árangur og draga úr menningarlegri kúgun (Sue, D. W., Rasheed, M. N., & Rasheed, J. M., 2016).

Aðkoma félagsráðgjafans við innflytjendafjölskyldu þarf í kjölfarið að sinna mörgum mismunandi verkefnum. Í multicultural social work practice talar Sue, D. W., Rasheed, M. N., & Rasheed, J. M. (2016) um þau helstu mismunandi verkefni sem félagsráðgjafar gegna þegar unnið er með innflytjendum, þau hafa staðfest að þau styrkja þjóðernislega sjálfsmynd, auka eigin meðvitund og nota stuðningakerfi skjólstæðinga sinna, þjóna sem menningarmiðlari á milli fjölskyldunnar og annarra félagslegra kerfa, vera meðvitaðir um kosti og galla sem felast í því að vera af sama þjóðerni eða öðru þjóðerni hjá skjólstæðingunum, að þurfa ekki að vita allt um mismunandi þjóðernishópa og stjórna stefnumörkum sem stafar af mismunandi menningarlegu sjónarhorni.

Augljóst er það að þegar unnið er með fjölbreyttum hópum þurfa félagsráðgjafar að hafa mörg mismunandi atriði í huga og það sérstaklega þegar unnið er með innflytjendafjölskyldum.

5.2 Fjölmenningarfræðileg úrræði og kenningar um starfsaðferðir

Starfsvettvangurinn fjölmenningar félagsráðgjöf er oftast ekki auðveldur þar sem er sinnt verkum sem geta verið mjög fjölbreytt og flókin sem þýðir að, það er mikilvægt að notast við öll verkfæri sem þeir hafa til umráða til að létta sér starfið, það krefst þekkingar á kenningum um starfaðferðir og nálganir.

Menningarnæmi (e. cultural competence) er yfirsýn sem er nauðsynlegt fyrir félagsráðgjafa að beita þegar unnið er með innflytjendum og þverþjóðlegum fjölskyldum, þeir þurfa að vera færir um að sjá báðar hliðar mála þegar unnið er með fjölmargar þverþjóðlegar fjölskyldur (Fong, 2004) og geta beitt skilningi frá sjónarhorni einstaklinga og styðja hverja og eina til sjálfshjálpar (Garcia, 2009). Hæfni og þekkingu um að vera menningarnæmur félagsráðgjafi felst í því að geta unnið með einstaklingum af ólíkum uppruna (Fong, 2004).

Grundvallarfosenda menningarnæmis er að félagsráðgjafar mega ekki takamarka sjónarhorn sitt við klínískra starfsvenju og verða færir um að grípa til meðferðar á faglegum, skipulagslegum og samfélagslegum sviðum (Sue, D. W., Rasheed, M. N., & Rasheed, J. M., 2016).

Að vera menningarnæmur félagsráðgjafi samkvæmt Sue, D. W., Rasheed, M. N., & Rasheed, J. M. (2016) felur í sér að vera meðvitaður um eigin viðhorf gagnvart mismunandi kynþáttum og menningarhópum og hafa farið í viðhorfavinnu. Einnig mikilvægt að félagsráðgjafar sýni skilning á lífsýn, viðhorfum, hefðum og gildum skjólstæðinga sinna og finni ýmsar leiðir til þess að vinna með mismunandi fólki af ólíku bakgrunni og síðast en ekki síst að stofnanirnar sjálfar séu með menningarnæma stefnu og verklag í þjónustu.

Þegar unnið er með innflytjendur og fjölskyldur þurfa félagsráðgjafar að notast við fjölmennningarlega félagsráðgjöf sem grundvallast einkum á vistfræði- og styrkleikakenningum og félagslegs réttlætis sjónarmiðum og einnig leitast við að valdefla einstaklinga og fjölskyldur. Fjölmennningarleg félagsráðgjöf útfærir heildarsýn í einskönar „menningarnet“ eins og Marianne Skytte (2007) hefur til að mynda gert og verður nánar rætt um menninget og þær helstu kenningarlegu stoðir sem fjölmennningarleg félagsráðgjöf byggist á.

5.2.1 Félagslegt réttlætis sjónarmið (e. social justice approach)

Félagslegt réttlætis sjónarmið er kjarni í félagsráðgjöf. Í ljósi siðferðilegu tilskipunarinnar til að stuðla að félagslegu réttlæti hefur félagsráðgjöf sem starfsgrein í sögulegum kringumstæðum verið sett í aðstæður sem eru ólíkar, sem sagt fátækt, mismunun, félagslegt óréttlæti sérstaklega af þeim sem eru viðkvæmir og kúgaðir. Þessi tilskipun er augljósi í inngangi NASW siðareglna, að meginmarkmið félagsráðgjafarinnar er að efla mannlegan þroska og hjálpa til við að mæta grunnþörfum allra, sérstaklega sem þurfa á því að halda, styrkja fólk sem eru viðkvæmt, kúgað og þá sem búa við fátækt (Sue, D. W., Rasheed, M. N., & Rasheed, J. M., 2016).

Félagsráðgjafar stuðla að félagslegu réttlæti og félagslegum breytingum með og fyrir hönd skjólstæðinga sinna. Hugtakið „skjólstæðingur“ eru notað til að vísa til einstaklinga, ættingja, hópa, samtaka og samfélaga. Félagráðgjafar eru viðkvæmir fyrir menningu og þjóðernisháttum og leitast við að binda enda á mismunun, kúgun, fátækt og félagslegt óréttlæti. Sérstaklega á sviði fjölmennningarlegrar félagsráðgjöf eru félagsráðgjöfum falið að

vera næmir fyrir menningu og þjóðernislegrri fjölbreytni eins og til að leitast við að enda félagslegt óréttlæti sem felur í sér mismunun og kúgun (Sue, D. W., Rasheed, M. N., & Rasheed, J. M., 2016).

5.2.2 Vistfræðikenning (e. ecological system theory)

Vistfræðakenningin var sett fram af bandarískum þroskasálfræðingi Urie Bronfenbrenner. Hann lagði áherslu á að vinna með umhverfið í heild sinni, hvernig einstaklingurinn upplifir umhverfið og hlutverk sitt í mismunandi kerfum og hann skiptir því niður í þrjú mikilvæg stig sem hann kallar smákerfi (micro), miðkerfi (meso), og heildarkerfi (macro) (Bronfenbrenner, 1979).

Smákerfið (microsystem) samanstendur af nánasta umhverfi einstaklingsins og honum sjálfum (Bronfenbrenner, 1979). Á þessu sviði eiga mikilvæg samskipti og sambönd sér stað. Þannig hafa foreldrar áhrif á hegðun barnanna og eins getur barnið haft áhrif á framkomu foreldra sinna. Samskiptin sem eiga sér stað á þessu stigi veitir mestan styrk og hefur mikil áhrif á þroska og hegðun einstaklingsins því þetta er innsta lagið á samfélaginu, það er að segja sambönd og tengslum við einstaklingin á þessu sviði hefur mikil áhrif á einstaklingnum og því er nauðsynlegt fyrir félagsráðgjafar að gera sér grein á samskiptum sem eiga sér stað í smákerfinu (Berk, 2007).

Miðkerfi (mesosystem) einkennist á því að tengingar við þá sem standa einstaklingnum næst eins og fjölskyldan, hverfið sem að einstaklingurinn býr í og er hluti af og samfélagið (Berk, 2007).

Heildarkerfið (macrosystem) er það lagakerfi og stofnanir sem að tengjast einstaklingnum. Einnig má nefna þjóðfélagsstöðu, fátækt og þjóðerni sem hluta af heildarkerfinu (Berk, 2007).

Félagsráðgjafar geta notfært sér vistfræðikenninguna til þess að meta aðstæður og tengsl einstaklinga við fjölskyldu sína og umhverfi og einnig umhverfi einstaklingsins fyrir og eftir flutning, svo hægt sé að setja vanda hans eða áskoranir í samhengi og meta núverandi aðstæður og finna úrlausn við viðeigandi vandamál sem einstaklingurinn er að kljást við (Bronfenbrenner, 1979). Félagsráðgjafin skoðar marga þætti í tengslum við micro, meso og macro umhverfi sem getur haft áhrif til dæmis á menningarleg gildi, tungumálakunnáttu, kynslóðaárekstra, atvinnumál, heilsufar og aðgengi að stofnunum samfélagsins og hvað varðar þeirra réttindi.

5.2.3 Menningarnet Skytte

Fjölmenningarfræðileg vistfræðileg nálgun hefur nýst vel við að skoða heildarsýn innflytjenda eða svokölluð menningarnet (d. Kulturgrammet) sem er þróað af Marianne Skytte (2007). Menningarnetið er einhversskonar líkan sem félagsráðgjafar hefur notast mikil við í sínu starfi, sérstaklega með fjölskyldum sem tilheyra etnískum minnihlutahópum. Líkanið tekur á sértækum menningargildum og hefðum fjölskyldunnar og hvernig fjölskyldan vinnur saman. Félagsráðgjafar telja menningarnetið vera lykil verkfæri til að greina vanda og aðstæður hjá fjölskyldunni og eða einstaka meðlimum hennar (Skytte, 2007).

Menningarnet er skipt í tólf atriði sem félagsráðgjafar þurfa að huga að í sínu starfi. Huga þarf að tímalengdinni sem fjölskyldan hefur verið í formi þverþjóðlegrar fjölskyldu, hversu lengi hafa einstaka fjölskyldumeðlimir búið í nýja landinu og hvort þeir hafi búið í öðru landi áður eða séu fæddir í nýju landi. Einnig þarf að skoða á hvað aldri og lífsskeiði hver fjölskyldumeðlimur er og við flutning til nýs lands, hverjar voru megin ástæður flutninganna og þegar um þverþjóðlega fjölskyldu er að ræða hvort óskað sé eftir sameiningu við aðra meðlimi sem búa annars staðar í náginni framtíð. Líkanið er hægt að nota til að athuga hvort að fjölskyldan hefur einhverja möguleika á að umgangast fjölskyldu og ættingja í heimalandinu, hverjar ástæðurnar voru fyrir flutning frá heimalandinu og hvort um tímabundna veru í landinu er að ræða eða framtíðar dvöl. Í huga fjölskyldunnar og hvort allir séu staddir í aðlögun og hver hlutverk hvers og eins er í fjölskyldunni (Skytte, 2007).

Menningarnetið er eitt af því mikilvægasta þegar kemur að starfsaðferð félagsráðgjafans, í greiningu á aðstæðum fjölskyldunnar í heild og ákveðna fjölskyldumeðlimi og gerir félagsráðgjafanum kleift að vinna á sem farsælastan máta til að veita viðeigandi hjálp eins og til dæmis við breyttar aðstæður sem eigar sér stað í fjölskyldunni (Skytte, 2007).

Sú kenningarstoð sem fjölmenningarleg félagsráðgjöf byggir einnig á fyrir utan vistfræðilega kenningu er styrkleikakenningin og verður fjallað um hana hér að neðan.

5.2.4 Styrkleikakenning (e. strength theory)

Félagsráðgjafi sem starfar með innflytjendafólki og fjölskyldum notast gjarnan við styrkleikakenninguna til að geta lagt áherslu á að virkja styrkleika og bjargir sem viðkomandi einstakling hefur nú þegar til að ná sínu markmiði í að takast á við aðstæður sínar. Leggja þarf sérstaklega áhersla á að finna styrkleika einstaklingsins frekar en að huga að þeirra neikvæðu aðstæðum, sem sagt vandamál, veikleika, veikindi eða mistök (Garcia, 2009).

Styrkleikakenningin leggur áherslu á að starfa með skjólstæðingum en um leið að vera fulltrúi þess að finna lausnir og úrræði sem eru viðeigandi fyrir hvern og einn skjólstæðing (Garcia, 2009). Mismunandi fólk svo sem einstaklingar, hópar, fjölskyldur eða samfélög hafa sína eigin styrkleika jafnvel þó að stundum sé erfitt að sjá það við fyrstu sýn.

Styrkleikar sem hver og einn einstaklingur hefur, kemur frá þeirra fyrri reynslu og það sem þau hafa lært í fortíðinni, svo sem almennri vitneskju, persónulegum eiginleikum, menningu og hæfileikum (Garcia, 2009). Í styrkleikakenningunni er litið til styrkleika, til dæmis kemur upp vandamál hjá fjölskyldunni, samkvæmt styrkleikakenningunni, frekar en að spyrja fjölskylduna spurninga eins og hvað sé að eða hvers vegna ákveðin vandamál hafi komið upp ætti fremur að finna út hverjir styrkleikar fjölskyldunnar eru sem geti hjálpað til með að bæta aðstæður fjölskyldunnar (Furuto, 2004).

Ekki er hægt að segja hversu mikinn utanaðkomandi stuðning hver fjölskyldumeðlimur fær þegar kemur að breytingum í ferlinu við að setjast að í nýju landi eða í öðrum áskorunum en það mikilvægasta er að einstaklingar séu meðvitaðir um þann stuðning sem þeir fá frá fjölskyldunni, vinum og fólki sem er náið þeim og nauðsynlegt er að félagsráðgjafin kanni hvort stuðningur frá nánustu ættingjum og vinum sé til staðar eða hægt að virkja svo hægt sé að hjálpa skjólstæðingnum að fá þann stuðning sem til staðar er svo hægt sé að hjálpa skjólstæðingnum um að fá þann stuðning og styrk sem hann hefur þörf á. Stuðningsnetið getur verið sett saman á mismunandi hátt eins og með fjölskyldu og vinatengslum til samfélags- og trúarhópum sem veita einstaklingnum og fjölskyldu hans aukin styrk í þeim breyttum sem verða á aðstæðum þeirra (Furuto, 2004 ; Garcia, 2009).

Félagsráðgjafar notast einkum við valdeflingu þar sem reynt er að hjálpa einstaklingnum við að ná betri valdi á eigin líf og því verður næst fjallað um það hér fyrir neðan.

5.2.5 Valdefling (e. empowerment theory)

Valdefling er ein sú algengasta starfsaðferð sem notað er við innan félagsráðgjafar fyrir utan vistfræðilega kenningu og styrkleika kenningu sem starfsaðferð en valdefling hefur hjálpað mörgu fólki til sjálfshjálpar (Furuto, 2004). Valdefling hefur það að leiðarljósi að stuðla að félagslegu réttlæti og stuðningi, félagslegan kraft einstaklingsins, samræma breytingar með þeim aðferðum að beita persónulegum, félagslegum og pólitískum leiðum. Með valdeflingu einstaklinga eflast þeir og upplifa aukið vald í sínu lífi og aðstæðum og þannig er dregið úr einangrun og vanmati einstaklinga og fjölskyldna á hæfni sína til að takast á við breyttar

aðstæður (Garcia, 2009). Vanmætti getur myndast hjá fólki við ýmsar aðstæður en gjarnan eru það einstaklingar innan minnihlutahópa eins og til dæmis innflytjendur sem hafa þörf fyrir valdeflingu. Áherslan er lögð á að vinna með einstaklingum til að efla persónulegt, félagslegt og pólitískt vald þeirra og styðja þá til að ná aukinni stjórn á sínum aðstæðum í lífinu (Garcia, 2009).

Vald sem hver einstaklingur hefur getur haft áhrif á þeirri ákvarðanir, þjónustu lund og stjórn á aðstæðum og virkjað fólk til að taka ákvarðanir (Furuto, 2004). Eins og fram hefur komið eru þverþjóðlegar fjölskyldur ört vaxandi allstaðar um heiminn og þegar unnið er með þeim fjölskyldum krafist sérstakra vinnuaðferða, á borði við styrkleika, þegar leysa þarf vandamál sem skapast þegar tvö mismunandi lönd sem hafa ólíka menningu bindast saman (Mcnutt, 2010; Hunter, Lepley og Nickles, 2010). Hafa þarf í huga mikilvægi þess að hefja vinnan með einstaklingum og fjölskyldum með þeirri hliðsjón að styrkleikakenningunni til þess að auðvelda þeim að finna eigin styrkleika og í því framhaldi að nýta þessa styrkleika til valdeflingar viðkomandi og aðstoða hann við að ná betri stjórn á aðstæðum sínum og fjölskyldunnar (Furuto, 2004).

6 Umræðu og lokaorð

Með tilkomu hnattvæðingar hefur Ísland sem afmörkuð þjóð ört vaxið yfir í það að vera fjölmenningsleg samfélag. Miklar breytingar hafa átt sér stað frá því að Ísland var einsleit þjóð, þar sem flestir höfðu sama húðlit og töluðu sama tungumálið en það hefur breyst á marga vegu og gegnum tíðina varð landið orðið opnara og fjölbreyttara og orðið að fjölmenningslegri þjóð. Afleiðing hnattvæðingarinnar hefur leitt til þess að fjölmargir innflytjendur hafa komin hingað til lands og sest hér að. Með auknum fjölda innflytjenda sem koma úr öllum menningarheimum myndast allskonar áskoranir á samfélagið og á fagaðila á borð við félagsráðgjafa og yðurlega er það ekki ljóst hvernig ætti að bregðast við.

Innflytjendur sem setjast að í öðru landi hafa margar mismunandi ástæður fyrir því hvers vegna ákveðið var að flytja til annarra landa, sérstaklega innflytjenda fjölskyldur, þar sem foreldrar er að sækjast eftir því að tryggja fjölskyldu sinni farborða og menntun barna sinna. Oftast eru það þarfir barnanna sem ráða til um búferlaflutninga foreldranna en þau eru megin ástæðan fyrir því að foreldrar taka ákvörðun um að stíga þetta stóra skref. Mismunandi er um hvernig fjölskyldu aðstæður er að ræða, þar sem sumir ákveða að flytja til annarra landa einir og skilja fjölskylduna eftir eða flytja með stórfjölskyldunni.

Ljóst er að þverþjóðleg tengsl Íslands við fólk af erlendum uppruna eru að aukast og mikilvægt er fyrir faglega starfstétt eins og félagsráðgjöf að auka þekkingu, fræðslu og rannsóknir fyrir fagaðila og almenning um það efni. Stefnan hér á landi hefur í meira mæli verið að aðstoða innflytjenda börn frekar en fjölskylduna í heild sinni sem hefur í kjölfarið þær afleiðingar að skapa miskilning milli foreldra og skólakerfisins. Sem dæmi má nefna getur þetta raskað sambandinu á milli foreldra og barns við aðlögunina þar sem áhrifin frá ríkjandi menningu er sterkari og barnið aðlagar sig fyrir í ríkjandi menningu en foreldrarnir ná að kenna börnum sínum sína siði og hefðir frá upprunalandinu sem barnið sjálf upplifir ekki í sínu daglega lífi.

Rannsóknir sem hafa verið gerðar héraðs varðandi innflytjendur einblína meira á innflytjendabörnin, þeirra aðlögun, reynsla og upplifun í nýja landinu en foreldrar og hlutverk þeirra í uppeldi og upplifun hefur lítið verið skoðað héraðs.

Markmið heimildarritgerðarinnar var að skoða hlið innflytjenda foreldra við þeirri aðlögun, reynslu og upplifun og ekki síst hvernig þau ná að brúa á milli tveggja ólíkra menningarheima og breyta þeirra uppeldisháttum svo að þeir hafi jöfn áhrif á barnið. Við

gerð ritgerðarinnar komst í ljós að innflytjenda foreldrar verða fyrir miklum áskorunum þegar þeir takast á við að flytja til nýs lands.

Þær áskoranir sem innflytjendafjölskyldur standa frammi fyrir er allt frá því að taka ákvörðun um búferlaflutning, þar sem foreldrar eru að taka áhættuna að byrja allt frá upphafi í óþekktu landinu, þar sem þau reyna að aðlagast og læra á nýju menninguna sem getur ýmisst haft góð eða slæm áhrif fyrir fjölskylduna. Aðlögunarferlið fyrir hvern fjölskyldumeðlim er mismunandi hverju sinni og á hvaða aldri hann er. Sagt er að börnin séu fljótari að aðlagast og nýrri menningu þar sem að þau koma mjög ung og samþætta sig hraðar, ólíkt foreldrunum sem geta þurft langan tíma til að aðlagast að nýju samfélagi og menningu sem í sumum tilvikum getur leitt til einangrunar eða aðskilnaðar þar sem þau eru önnur kafin við þeirra vinnu og þeirra hlutverki sem foreldrar barna sinna og þannig gleyma mikilvægi þess að aðlagast og samþætta sig og að það séu fyrstu skrefin til að ná árangri í uppeldinu á börnum sínum.

Erfitt er fyrir innflytjenda foreldra að finna jafnvægi í því hvernig þeir beita þeirra uppeldisháttum í nýrri menningu, þar sem þau eru vanari þeim aðferðum sem beitt eru í sínu upprunalandi. Auðvitað vilja foreldrar þegar þau koma til nýs lands þar sem önnur menning er ríkjandi að þeir verði varir við þær breytingar sem barnið sjálf er að upplifa og áhrifin sem barnið fær frá nýju samfélagi. Innflytjenda foreldrar þurfa að finna og geta breytt sínum uppeldisháttum þannig að þeir passi við tvo ólíka menningarheima og ekki síst að það hafi jöfn áhrif á barnið. Þó svo að foreldrar þurfi að finna jafnvægi í kjölfar ólíkra menningaheima er einnig þörf fyrir ríkjandi samfélag að skilja og virða það hversu fjölbreytt menning er fyrir hvern og einn sem ákveður að setjast að í nýju samfélagi og þar kemur félagsráðgjafinn inn, þar sem hann verður talsmaður fyrir minnihlutahópinn og innflytjendann og þar af leiðir getur félagsráðgjafinn brúað bilið þar sem þörfin er fyrir innflytjendann og sömuleiðis fyrir samfélagið sjálft.

Í þessari heimildarritgerð var einnig leitast við að svara spurningunni, hvaða starfsaðferðir fjölmeningarlegir félagsráðgjafar beita þegar unnið er með innflytjendum og sérstaklega innflytjendafjölskyldum.

Félagsráðgjöf er starfsvettvangur þar sem starfað er með fjölbreyttum hópum fólks og innflytjendur eru einn af þeim hópum sem þau starfa mest með. Fjölmeningarleg félagsráðgjöf er undirfang í félagsráðgjöf þar sem það beinist aðallega að því að aðstoða fólk

sem kemur frá ólíkum menningarhópum, það er að segja innflytjendafólk, flóttamenn, hælisleitendur og fórnalömb mannsals. Fjölmenningarlegir félagsráðgjafar hafa sínar eigin grunn aðferðir við að aðstoða fólk eftir getu og þekkingu sinni og ekki síst samkvæmt þeirri heildarsýn sem þeir hafa. Þeir vinna samkvæmt lögum og reglum til að veita viðeigandi aðstoð sem hver og einn einstaklingur þarf og vinna með ýmiss konar líkön og kenningarnálganir hverju sinni og vinna einnig út frá þeim niðurstöðum sem komið hafa í ljós við beitingu vistfræði-, styrkleika og menningarnet kenninga og að valdefla fólk eru þær aðferðir sem hefur náð góðan árangri þegar unnið er með innflytjendur.

Höfundur ritgerðarinnar vil koma á framfæri mikilvægi viðfangsefnisins til þess að vera fær um að skilja að það liggur meira á fjölskyldustöðu innflytjenda fjölskyldunnar það er að segja á þeim upplifunum og áskorunum sem þau ganga í gegnum og þeim stóru breytingum sem hafa áhrif á ákvörðunina um að flytja til ókunnugs lands sem hefur ólíka menningu frá upprunalandinu.

Tegund þessara rannsókna, það sem snýr að foreldrum er næsta skref með hliðsjón af núverandi þekkingu um að tilfinningar um vonleysi um eigin framtíðarhorfur til lífs velgengni meðal innflytjendaforeldra eru oft í sambandi við óraunhæfar væntingar barna sinna sem gætu einnig haft neikvæðar heilsufarslegar afleiðingar. Höfundur ritgerðarinnar telur að frekari rannsóknir séu nauðsynlegar til að kanna tengslin milli menningarlegra þátta og foreldravæntinga meðal annarra innflytjendahópa. Að skilja svipuð tengsl í ólíkum innflytjendahópum gætu haldið áfram að þróa jákvæða samskiptaáætlanir foreldra og barna og bæta árangur skóla og aðlögun innflytjenda fjölskyldna. Mikilvægt er einnig fyrir fagaðila sérstaklega félagsráðgjafa að þekkja til margra hópa sem setjast hér að í landinu til þess að vera varir um fjölbreytileika svo hægt sé að aðstoða og beita þeim viðeigandi úrræðum sem hver og einn á rétt á að fá.

Marymae Cagay Renegado

Heimildaskrá

- Abu-Lughod, L. (1991). Writing Against Culture. Í Fox, R. G. (ritstjóri), *Recapturing Anthropology* (bls. 466-479). Santa Fe: School of American Research Press.
- Baumrind, D. (1989). Rearing competent children. In W. Damon (Ed.), *Child development today and tomorrow* (bls. 348–378). San Francisco, CA: Jossey-Bass.
- Berns, Roberta M. (2004). Child, Family, School, community : *Socialization and support*. (6.útg). Wadsworth. Thomson learning.
- Berry, J.W. (1997). Immigration, acculturation, and adaption. *Applied Psychology: An International Review*, 46(1), 5-68. Sótt af <http://web.b.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?vid=3&sid=d3b6ae3e-7091-46f7-aa4c-7573b08cba00%40sessionmgr101>
- Berry, J.W. (2005). Acculturation: Living successfully in two cultures. *International journal of Intercultural Relation*, 29(6), 697-712. <https://doi.org/10.1016/j.ijintrel.2005.07.013>
- Bornstein, M. H., Putnick, D.L. og Lansford, J.E. (2011). Parenting attributions and attitudes in Cross- Cultural perspecticve. *Parenting : Science and practice*, 11(2-3), 214-237. <https://doi.org/10.1080/15295192.2011.585568>
- Bornstein, M. H. (2012). Cultural Approaches to Parenting. *Parenting, Science and Practice*, 12(2-3), 212–221. <http://doi.org/10.1080/15295192.2012.683359>
- Bronfenbrenner, U. (1979). *The Ecology of Human Development*. Experiments by nature and design. Cambridge: Harvard University Press.
- Chao, R. K. (1994). Beyond Parental Control and Authoritarian Parenting Style: Understanding Chinese Parenting through the Cultural Notion of Training. *Child Development*, 65(4), 1111-1119. doi: 10.2307/1131308
- Dwairy, M., Achoui, M., Abouserie, R., Farah, A., Sakhleh, A. A., Fayad, M. og Khan, H. K. (2006). Parenting Styles in Arab Societies: A First Cross-Regional Research Study. *Journal of Cross-Cultural Psychology*, 37(3), 230-247. doi: 10.1177/0022022106286922
- Félagsmálaráðuneytið. (2005). *Skýrsla nefndar um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi*. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/acrobat-skjol/Skyrsla_nefndar_um_adlogun_utlendinga.pdf
- Félagsmálaráðuneytið. (2007). *Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið . Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/acrobat-skjol/Stefna_um_adlogun_innflytjenda.pdf

- Fong, R. (2004). Contexts and Environments for culturally competent practice. Í R. Fong (ritstjóri), *Culturally Competent Practice with Immigrant and Refugees Children and Families* (bls. 39-57). New York: The Guilford Press. Sótt af https://books.google.is/books?id=wvfVS9x7-hoC&printsec=frontcover&source=gbs_ge_summary_r&cad=0#v=onepage&q&f=false
- Furuto, S. B. C. L., (2004). Theoretical perspective for culturally competent practice with immigrant children and families. Í Rowena Fong (ritstjóri). *Culturally competent practice with immigrant and refugee children and families* (bls. 19–38). New York: The Guildford Press. Sótt af https://books.google.is/books?id=wvfVS9x7-hoC&printsec=frontcover&source=gbs_ge_summary_r&cad=0#v=onepage&q&f=false
- Garcia, B. (2009). Theory and Social Work Practice with Immigrant Population. Í F. Chang-Muy og E.P. Congress (ritstjóri). *Social Work with Immigrants and Refugees*. NY: Springer
- Gonzalez – Mena, J. (2001). *Multicultural issues in child care*. (3. utg). Kalifornía: Mayfield Publishing Company
- Hagstofa Íslands. (2016). *Innflytjendum heldur áfram að fjölga*. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/innflytjendur-1-januar-2016/>
- Hallfríður Þórarinsdóttir, Sólveig H. Georgsdóttir og Berglind L. Hafsteinsdóttir. (2009). *Staða innflytjenda á erfiðleikatímum – raddir og viðhorf*. Reykjavík: MIRRA – Miðstöð Innflytjenda Rannsóknna Reykjavíkur Akademiunni og Rauða kross Íslands. Sótt af https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/6746/Stada_innflytjenda_heild.pdf?sequence=1
- Hanna Ragnarsdóttir. (2007). Börn og fjölskyldur í fjölmennningarlegu samfélagi og skólum. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmennung á Íslandi* (bls. 249-270). Reykjavík: Rannsóknastofa í fjölmenningarfræðum KHÍ Háskólaútgáfan
- Hanna Ragnarsdóttir. (2008). *Collisions and continuities: ten immigrant families and their children in Icelandic Society and schools*. Osló: University of Oslo
- Herlitz, Gillis. (1999). Kulturgrammatik. *Hardu okar din formaga att umgas med manniskor fran andra kulturer*. Uppsala: Gilis Herlitz og Uppsala Publishing House AB.
- Hunter, C. A., Lepley, S. og Nickles, S. (2010). New practice frontiers: Current and future social work with transmigrants. Í N. J. Negi og R. Furman (ritstjórar). *Transnational social work practice* (bls. 222–241). New York: Columbia University Press. (Rafræn útg.). Sótt af https://books.google.is/books?id=tYNjFljDXl8C&printsec=frontcover&source=gbs_ge_summary_r&cad=0#v=onepage&q&f=false
- Mannréttindaskrifstofa Íslands. (e.d.). *Útlendingar og fólk af erlendum uppruna*. Sótt af <http://www.humanrights.is/is/mannrettindi-og-island/mannrettindi-akvedinnahopa/utlendingar-og-folk-af-erlendum-uppruna>
- Margrét Pála Ólafsdóttir. (2011). Uppeldi er ævintýri. Reykjavík: Bókafélagið.

- McNutt, J., G. (2010). Using Internet Technology for Transnational Social Work Practice and Education. Í N. J. Negi og R. Furman (ritstjórar), *Transnational Social Work Practice* (bls. 176- 190). New York: Colombia University Press. Sótt af https://books.google.is/books?id=tYNjFljDXl8C&printsec=frontcover&source=gbs_ge_summary_r&cad=0#v=onepage&q&f=false
- Menntamálaráðuneytið. (1997). *Um stöðu og þáttöku útlendinga í íslensku samfélagi*. Sótt þann af https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/MRN-pdf_Upplysingar-Utgefid/utlending-skyrsla.pdf
- Mjörnell, Rigmor. (2005). *Handbok mot diskriminering, förtryck, hot och våld i hederns namn*. Stokkhólmur: Gender Development Network.
- Nesteruk, O., og Marks, L. D. (2011). Parenting in immigration: Experiences of mothers and fathers from eastern europe raising children in the united states. *Journal of Comparative Family Studies*, 42(6), 809-825. Sótt af <https://search.proquest.com/docview/964195452?accountid=28822>
- Parreñas, R.S. (2001). Mothering From a Distance: Emotions, Gender, and Intergenerational Relations in Filipino Transnational Families. *Feminist Studies*, 27(2), 361-390. Sótt af <https://search.proquest.com/docview/57744210?accountid=28822>
- Portes, A. og Rumbaut, R. G. (2001). *Legacies: the story of the immigrant second generation*. Berkeley : New York: University of California Press ; Russell Sage Foundation.
- Rannveig Þórisdóttir, Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir og Jón Gunnar Bernburg. (1997). *Aðlögun Íslendinga af erlendum uppruna og stefnumótun í málefnum þeirra*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.
- Rauði kross Íslands. (2006). *Hvar þrengir að? Könnun á stöðu þeirra sem minnst mega sinn í íslensku samfélagi*. Sótt af https://www.raudikrossinn.is/media/skyrslur/hvarthrengirat_06.pdf
- Robinson, J. B. (1989). Clinical treatment of black families: Issues and strategies. *Social Work*, 34(4), 323- 329. Sótt af <https://search.proquest.com/docview/215270860?accountid=28822>
- Roth. Hans Ingvar. (1998). *Den mangkulturella parken – om vardegemenskap i skola och samhalle*. Stockholm: Skolverket.
- Rudy, D., & Grusec, J. E. (2006). Authoritarian parenting in individualist and collectivist groups: Associations with maternal emotion and cognition and children's self-esteem. *Journal of Family Psychology*, 20(1), 68-78. <http://dx.doi.org/10.1037/0893-3200.20.1.68>
- Sand, Therese. (1997). *Flerkulturell virkelighet i skole og samfunn*. Osló: Cappelen akademisk forlag

- Sigrún Júlíusdóttir. (2006). Vísindi og vald, rannsóknarviðtök, þekkingargrunnur og faglegt sjálfræði í félagsráðgjöf. *Tímarit félagsráðgjafa*, 1, bls 33-44. Sótt af <http://www.timaritfelagsradgjafa.is/article/view/1779/830>
- Skytte, M. (2007). *Etniske minoritetsfamilier og socialt arbejde*. (3. útgáfa). Kaupmannahöfn: Hanz Reitzels Forlag.
- Sluzki, C.E. (1979). Migration and family conflict . Í *Family Process*, 18(4), 379-390 Sótt af <http://mars.gmu.edu/handle/1920/507>
- Spicer, P. (2010). *Cultural Influences on parenting*. Zero to three. University of Oklahoma. Sótt af http://www.academia.edu/3211477/Cultural_influences_on_parenting
- Sue, D. W., Rasheed, M. N., og Rasheed, J. M. (2016). *Multicultural social work practice: A competency – based approach to diversity and social justice*. Hoboken, NJ: Jossey-Bass, A Wiley Brand.
- Suárez-Orozco, C. og Suárez-Orozco, M. M. (2002). *Children of Immigration*. Cambridge MA: Harvard University Press.
- Tuli, M. (2012). Beliefs on Parenting and Childhood in India. *Journal of Comparative Family Studies*, 43(1), 81-91. Sótt af <https://search.proquest.com/docview/939527251?accountid=28822>
- Tylor, E. B. (1913). *Primitive Culture: Researches Into the Development of Mythology, Philosophy, Religion language, Art, and Custom*. London: John Murray.
- Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtynska. (2007). Líf á tveimur stöðum: Vinna eða heimili: reynsla fólks sem komið hefur til starfa á Íslandi. *Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar*, 7(2-3), 79-94. Sótt af http://timarit.is/view_page_init.jsp?gegnirId=001062985
- Vala Jónsdóttir, Kristín Erla Harðardóttir og Ragna Benedikta Garðarsdóttir. (2009). *Innflytjendur á Íslandi : Viðhorfskönnun*. Reykjavík : Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/acrobat-skjol/Innflytjendur_skyrslaOkt2009.pdf
- Ward, C., Okura, Y., Kennedy, A., og Kojima, T. (1998). The U-curve on trial: A longitudinal study of psychological and sociocultural adjustment during cross- cultural transition. *International Journal of Intercultural Relations*, 22(3), 277-291. Sótt af <https://search.proquest.com/docview/61593213?accountid=28822>